



Minnisblað - 2003023

Til: Byggðarráðs

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Fundur með refa- og minnkaveiðimönnum.*

Dags.: 14.10.2020

Byggðarráð fundaði með refa- og minnkaveiðimönnum 8.10.2020. Fundurinn fór fram í fjarfundi og var honum stýrt af Einari Jóni Geirssyni varaformanni byggðarráðs. Alls voru 16 þátttakendur í fundinum, þar af 11 refa- og minnkaveiðimenn.

Helstu umræðuefni:

- Greiðslur til veiðimanna.
- Svigrúm varðandi veiðitíma.
- Vetrarveiði vs. grenjaveiði.
- Gildruveiði (minnkasíur).

Bent var á að greiðslur hefðu ekki breytst í mörg ár. Einnig að bjóða mætti upp á að greitt væri tvisvar á ári.

Mikilvægt væri að veiðunum væri rétt sinnt og á réttum tíma. Mögulega gæti veiðitími grenjavinnslu verið frá 1. apríl jafnvel fyrr. Skiptar skoðanir voru um veiðitíma. Vetrarveiði myndi ekki þýða að hægt væri að sleppa grenjaveiðinni. Sumir fundarmenn lýstu áhuga á vertarveiði meðan aðrir lýstu sig andvíga henni og sögðu núverandi fyrirkomulag virka vel. Umdeilt væri hverju vetrarveiði skilaði. Reynslan segði að þrátt fyrir góðan árangur í skottum talið hafi grenjum í ábúð fjölgaði í námunda við agnið þó að veiðin væri stunduð vel og ný greni fundist stutt frá (1 til 2 km) að vori. Veiði að vori væri markvissasta aðferðin til að halda stofnstærð á ref niðri með sem minnstum kostnaði fyrir sveitarfélagið.

Bent var á að vankanntar fylgdu því að bera út agn fyrir ref. Á því væru skorður og Matís hefði gert athugasemdir við það. Einnig var bent á að ef farið væri út í þetta þá þyrfti að vakta ætíð með myndavélum. Einnig yrði að tryggja að ekki væri stutt á milli staða þar sem borið væri út og að aðilar sem það stunduðu hefðu leyfi. Fram kom að þetta væri nokkur sem sveitarfélagið gæti ekki stýrt.

Fram kom að mikið væri um að þeir sem stunduðu vetrarveiðina væru í því sem hobbý, væru aðkomuaðilar og ekki tengdir því sem væri verið að gera í Dalabyggð. Væri ekkert þar sem héti að höfða til skynsemi og erfitt að hafa stjórn á. Fram kom að Dalabyggð greiðir eingöngu fyrir veiðar til þeirra sem hafa samninga við sveitarfélagið.

Fundarmenn sammála um að minnk hefði fjölgað m.a. við veiðiár. Bent á að leit á Skógarströnd hefði ekki verið markviss. Gildrunar/síurnar væru ekki að skila því sem þær hefðu gert. Þjónusta við þær hefði dottið niður og eins væru þær ekki settar rétt upp. Sveitarfélagið gæti hvatt veiðifélögin á svæðinu sem eiga síurnar til þess að halda þeim við. Þetta gæti verið fyrsta skrefið í því að skrásetja þær og hugsanlega ráða einhvern til að hugsa um þær. Annars þyrfti að fara aftur í það að leita allt sveitarfélagið kerfisbundið að vori til að halda niðri fjölda á villimink.

Skil á hnitum á grenjum til Umhverfistofnunnar/ Náttúrufræðistofu er svo óútkljáð mál milli sveitarfélagsins og veiðimanna. Hjá veiðimönnum ríkir ekki traust til stofnanna. Það kom fram á fundinum að það er nú þegar farið að gerast að menn mæti aðkomumönnum með alvæpni á grenjum í sveitarfélaginu.

Nýtt frumvarp til villidýralaga þrengir að veiðum og þar vantar undanþágur.

Hræsöfnun skiptir máli til að draga úr fjölda refa, grenjum hefði fækkað eftir að þessi þjónusta hófst.

Endurtaka mætti fund af þessu tagi árlega og fara yfir stöðuna.